

Frumvarp til laga

um atvinnuleysistryggingar.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

I. KAFLI

Gildissvið, markmið og orðskýringar.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um atvinnuleysistryggingar launamanna eða sjálfstætt starfandi einstaklinga á innlendum vinnumarkaði þegar þeir verða atvinnulausir.

2. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja launamönnum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundna fjárhagsaðstoð meðan þeir eru að leita sér að nýju starfi eftir að hafa misst fyrra starf sitt.

3. gr.

Orðskýringar.

- a. *Launamaður*: Hver sá sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfs- hlutfalli í hverjum mánuði og greitt er tryggingagjald vegna starfsins samkvæmt lögum um tryggingagjald.
- b. *Sjálfstætt starfandi einstaklingur*: Hver sá sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálf- stæða starfsemi eða starfar á vegum sameignarfélags, einkahlutafélags eða hlutafélags eða tengdra félaga, þar sem hann hefur ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunar- aðildar, í því umfangi að honum er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum regluleg- um hætti samkvæmt reglum fjármálaráðherra, skil á staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi. Sá sem greiðir staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og trygginga- gjaldi einu sinni á ári telst ekki vera sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi laga þessara.
- c. *Nám*: 75–100% samfelld nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. sex mánuði. Enn fremur er átt við 75–100% nám á háskólastigi og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

II. KAFLI

Stjórnsýsla.

4. gr.

Yfirstjórn.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn atvinnuleysistrygginga samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Atvinnuleysisstryggingasjóður.

Atvinnuleysisbætur skulu greiddar úr Atvinnuleysisstryggingasjóði sem fjármagnaður er með atvinnutryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins.

Vinumálastofnun skal annast fjárvörslu Atvinnuleysisstryggingasjóðs og framkvæmd laga þessara á grundvelli þjónustusamnings við stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að ákveða annað fyrirkomulag að fenginni umsögn stjórnar sjóðsins.

Stjórn Vinnumálastofnunar skal skipa fimm manna úthlutunarnefnd að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmaður skal tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur sameiginlega af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Bandalagi háskólamanna, einn tilnefndur af félagsmálaráðherra, einn tilnefndur sameiginlega af fjármálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara. Stjórn Vinnumálastofnunar skipar formann og varaformann úthlutunarnefndar úr hópi þeirra sem tilnefndir hafa verið sem aðalmenn. Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að tryggja samræmi við ákvarðanir um réttindi og viðurlög á grundvelli laga þessara og annast afgreiðslu mála. Nefndarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu í nefndinni og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af nefndarsetu.

Reikningar Atvinnuleysisstryggingasjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

6. gr.

Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs.

Félagsmálaráðherra skipar níu manna stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn. Tveir stjórnarmenn skulu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndur af Bandalagi háskólamanna, einn tilnefndur af fjármálaráðuneyti, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara. Ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar sjóðsins. Varamaður formanns stjórnarinnar skal skipaður með sama hætti og skal hann vera varaformaður.

Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Stjórnin skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt fé til að standa við skuldbindingar sínar. Hún skal gera áætlanir um rekstur og greiðslur Atvinnuleysisstryggingasjóðs að fengnum tillögum frá stjórn Vinnumálastofnunar. Enn fremur skal hún leggja fram tillögur um fjárförf sjóðsins til félagsmálaráðherra í janúar ár hvert ásamt skýrslu um reikningshald sjóðsins. Félagsmálaráðherra skal taka afstöðu til upplýsinganna og kynna fjármálaráðherra efni þeirra við undirbúning fjárlagagerðar. Stjórn sjóðsins skal taka ákvörðun um ávöxtun innstæðufjár sjóðsins í samráði við félagsmálaráðherra.

Enn fremur gerir stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs þjónustusamning við Vinnumálastofnun um umsýslu sjóðsins, sbr. 2. mgr. 5. gr., og staðfestir félagsmálaráðherra samninginn. Stjórnin hefur reglubundið eftirlit með framkvæmd þjónustusamningsins í samráði við félagsmálaráðherra.

Stjórnarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Þóknun stjórnarmanna greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra.

7. gr.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Atvinnuleysisbætur til bænda, smábátæigenda og vörubifreiðastjóra skulu greiddar úr sérstökum sjóði, Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga, sem fjármagnaður er með atvinnutryggingagjaldi þessara stétta, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins.

Vinnumálastofnun skal annast fjárvörslu Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga og framkvæmd laga þessara á grundvelli þjónustusamnings við stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að ákveða annað fyrirkomulag að fenginni umsögn stjórnar sjóðsins.

Úthlutunarnefnd skv. 3. mgr. 5. gr. skal jafnframt tryggja samræmi við ákvarðanir um réttindi og viðurlög á grundvelli laga þessara og annast afgreiðslu mála er varða Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Reikningar Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

8. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Félagsmálaráðherra skipar fjögurra manna stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, einn af Landssambandi smábátæigenda og einn af Landssambandi vörubifreiðastjóra. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara. Ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar sjóðsins. Varamaður formanns stjórnarinnar skal skipaður með sama hætti og skal hann vera varaformaður.

Stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt fé til að standa við skuldbindingar sínar. Hún skal gera áætlanir um rekstur og greiðslur Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga að fengnum tillögum frá stjórn Vinnumálastofnunar. Enn fremur skal hún leggja fram tillögur um fjárþörf sjóðsins til félagsmálaráðherra í janúar ár hvert ásamt skýrslu um reikningshald sjóðsins. Félagsmálaráðherra skal taka afstöðu til upplýsinganna og kynnir fjármálaráðherra efni þeirra við undirbúning fjárlagagerðar. Stjórn sjóðsins skal taka ákvörðun um ávöxtun innstæðufjár sjóðsins í samráði við félagsmálaráðherra.

Enn fremur gerir stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga þjónustusamning við Vinnumálastofnun um umsýslu sjóðsins, sbr. 2. mgr. 7. gr., og staðfestir félagsmálaráðherra samninginn. Stjórnin hefur reglubundið eftirlit með framkvæmd þjónustusamningsins í samráði við félagsmálaráðherra.

Stjórnarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Þóknun stjórnarmanna greiðist úr Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra.

9. gr.

Umsókn um atvinnuleysisbætur.

Launamönnum og sjálfstætt starfandi einstaklingum er heimilt að sækja um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar þegar þeir verða atvinnulausir. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og henni skal meðal annars fylgja vottorð fyrrverandi vinnuveitanda, staðfesting um stöðvun rekstrar og önnur nauðsynleg gögn að mati Vinnumálastofnunar. Í umsókn skulu koma fram allar þær upplýsingar er varða vinnufærni umsækjanda og þær rökstuddar fullnægjandi gögnum. Þegar umsækjandi er yngri en 18 ára skal foreldri eða forráðamaður samþykkja umsóknina með undirritun sinni.

Umsókn um atvinnuleysisbætur felur jafnframt í sér umsókn um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. lög um vinnumarkaðsaðgerðir.

Skattyfirvöld, Tryggingastofnun ríkisins, Innheimtustofnun sveitarfélaga og hlutaðeigandi lífeyrissjóðir skulu láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum aðilum vegna einstakra umsókna þegar ástæða er til að mati hennar.

10. gr.

Tilkynning um að atvinnuleit sé hætt.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum skal tilkynna til Vinnumálastofnunar án ástæðulausrar tafar þegar hann hættir virkri atvinnuleit. Tilkynningin skal gerð með sannanlegum hætti og skal taka fram ástæðu þess að atvinnuleit var hætt.

11. gr.

Úrskurðarnefnd atvinnuleysisstrygginga og vinnumarkaðsaðgerða.

Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna úrskurðarnefnd atvinnuleysisstrygginga og vinnumarkaðsaðgerða og jafnmarga til vara. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn og skulu þeir allir vera skipaðir án tilnefningar. Félagsmálaráðherra ákveður hver skal vera formaður nefndarinnar og skal varamaður formanns jafnframt vera varaformaður. Formaður og varamaður hans skulu uppfylla skilyrði til þess að vera skipaðir héraðsdómarar.

Hlutverk úrskurðarnefndarinnar er að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna.

Nefndarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu í nefndinni og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af nefndarsetu.

Úrskurðir úrskurðarnefndarinnar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun.

Kostnaður af starfsemi nefndarinnar greiðist úr Atvinnuleysisstryggingasjóði samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra.

12. gr.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd atvinnuleysisstrygginga og vinnumarkaðsaðgerða.

Stjórnsýslukæra skal berast úrskurðarnefnd atvinnuleysisstrygginga og vinnumarkaðsaðgerða skriflega innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Kæran telst nægjanlega snemma fram komin ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist nefndinni eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefndinni skal að jafnaði vera skrifleg en þó getur nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund.

Úrskurðarnefndin skal tryggja að aðili máls eigi þess kost að tjá sig áður en nefndin úrskurðar í því, enda telji nefndin að hvorki afstaða hans né rök fyrir henni liggi fyrir í gögnum málsins.

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Úrskurðarnefndin skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða eftir að henni berst mál.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð hjá nefndinni samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

III. KAFLI

Skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum launamanna.

13. gr.

Almenn skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum launamanna.

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., sem uppfyllir eftirtalin skilyrði telst tryggður samkvæmt lögum þessum nema annað leiði af einstökum ákvæðum þeirra:

- a. er í virkri atvinnuleit, sbr. 14. gr.,
- b. er orðinn 16 ára að aldri en yngri en 70 ára,
- c. er búsettur hér á landi, sbr. þó VIII. kafla,
- d. hefur heimild til að ráða sig til vinnu hér á landi án takmarkana,
- e. hefur verið launamaður á ávinnslutímabili skv. 15. gr. í starfi sem ekki er hluti af sérstökum vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. þó V. kafla,
- f. leggur fram vottorð fyrrverandi vinnuveitanda, sbr. 16. gr., og vottorð frá skóla þegar það á við, sbr. 3. mgr. 15. gr.,
- g. hefur verið í atvinnuleit samfelld í þrjú virka daga frá því að umsókn um atvinnuleysisbætur barst Vinnumálastofnun.

Ákvæði g-liðar 1. mgr. á ekki við um starfsfólk í fiskvinnslu sem ekki hefur rétt til að gera kauptryggingarsamning samkvæmt kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins.

14. gr.

Virk atvinnuleit.

Sá telst vera í virkri atvinnuleit sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

- a. er fær til flestra almennra starfa,
- b. hefur frumkvæði að starfsleit og er reiðubúinn að taka hvert það starf sem greitt er fyrir samkvæmt lögum og kjarasamningum, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og uppfyllir skilyrði annarra laga,
- c. hefur vilja og getu til að taka starfi án sérstaks fyrirvara,
- d. er reiðubúinn að taka starfi hvar sem er á Íslandi,
- e. er reiðubúinn að taka starfi óháð því hvort um fullt starf eða hlutastarf er að ræða eða vaktavinnu,
- f. á ekki rétt á launum eða öðrum greiðslum í tengslum við störf á vinnumarkaði þann tíma sem hann telst vera í virkri atvinnuleit nema ákvæði 17. eða 22. gr. eigi við,
- g. hefur vilja og getu til að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum sem standa honum til boða, og
- h. er reiðubúinn að gefa Vinnumálastofnun nauðsynlegar upplýsingar til að auka líkur hans á að fá starf við hæfi og gefa honum kost á þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum.

Hinn tryggði skal tilkynna Vinnumálastofnun um þær breytingar sem kunna að verða á vinnufærni hans eða aðstæðum að öðru leyti skv. h-lið 1. mgr. án ástæðulausrar tafar.

Þátttaka í vinnumarkaðsaðgerðum kemur ekki í veg fyrir að hinn tryggði taki starfi sem býðst á þeim tíma.

Vinnumálastofnun er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum b-, d- og e-liðar 1. mgr. þannig að hinn tryggði, sem vegna aldurs, félagslegra aðstæðna sem tengjast skertri vinnufærni eða umönnunarskyldu vegna ungra barna eða annarra náinna fjölskyldumeðlima óskar eftir hlutastarfi eða starfi innan tiltekins svæðis, geti talist vera í virkri atvinnuleit. Enn fremur er heimilt að taka tillit til aðstæðna hins tryggða sem getur ekki sinnt tilteknum störfum vegna skertrar vinnufærni samkvæmt mati sérfræðilæknis.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, nánar á um virka atvinnuleit, svo sem hvaða upplýsingar Vinnumálastofnun eru nauðsynlegar skv. h-lið 1. mgr., og um undanþágur skv. 4. mgr.

15. gr.

Ávinnslutímabil.

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., telst að fullu tryggður samkvæmt lögum þessum eftir að hafa starfað samfellt á síðustu tólf mánuðum á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum, sbr. þó 4. mgr.

Launamaður, sem starfað hefur skemur en tólf mánuði en lengur en þrjú mánuði á síðustu tólf mánuðum á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar, telst tryggður hlutfallslega í samræmi við lengd starfstíma að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum, sbr. einnig 4. mgr.

Nám, sbr. c-lið 3. gr., sem launamaður hefur stundað í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar svarar til þrettán vikna vinnuframlags í fullu starfi enda hafi hann sannanlega lokið náminu og starfað í a.m.k. þrjú mánuði á innlendum vinnumarkaði á ávinnslutímabilinu. Vottorð frá hlutaðeigandi skóla skal fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur þar sem fram kemur að launamaður hafi stundað námið og lokið því. Heimild þessi getur einungis komið til hækkunar á tryggingarhlutfalli launamanns einu sinni á hverju tímabili skv. 29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. getur tryggingarhlutfall launamanns aldrei orðið hærra en sem nemur starfshlutfalli hans á ávinnslutímabilinu eða því starfshlutfalli sem hann er reiðubúinn að ráða sig til, sbr. 4. mgr. 14. gr. Hafi launamaður ekki verið í sama starfshlutfalli allt ávinnslutímabilið skal miða við meðalstarfshlutfall hans á þeim tíma.

Fæðingarorlof samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof telst til starfstíma á ávinnslutímabili. Við mat á starfshlutfalli launamanns í fæðingarorlofi á ávinnslutímabilinu skal líta til þess starfshlutfalls sem hann var í á fjögurra mánaða tímabili er hefst tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Sama á við um þann tíma er verkfall eða verkbann stendur yfir sem tekur til starfa launamanns á ávinnslutímanum. Skal þá miða við starfshlutfall hans í almanaks mánuðinum áður en verkfall eða verkbann hófst.

Heimilt er að taka tillit til starfs sem unnið er með námi við útreikning á atvinnuleysis-tryggingu launamanns en þá telst námið ekki til vinnuframlags hans skv. 3. mgr.

Vinnuframlag sjómanna miðast við fjölda lögskráningardaga. Mánaðarvinna sjómanna telst vera 21,67 lögskráningardagar.

Launamaður skal vera fullra 16 ára þegar ávinnslutímabil samkvæmt ákvæði þessu hefst. Hafi launamaður einnig verið sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar skal taka mið af öllum störfum hans við ákvörðun á atvinnuleysistryggingu hans.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, nánar á um ávinnslutímabil, svo sem skrá yfir hlutfallsþrep.

16. gr.

Vottorð vinnuveitanda.

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., skal leggja fram vottorð fyrirverandi vinnuveitanda er hann sækir um atvinnuleysisbætur. Vottorðið skal vera skriflegt á þar til gerðu eyðublaði þar sem meðal annars kemur fram starfstími hjá vinnuveitanda á ávinnslutímabili skv. 15. gr. ásamt starfshlutfalli hans. Enn fremur skal tilgreina ástæður þess að launamaður hætti störfum hjá vinnuveitanda, hvort hann hafi tekið út orlof sitt við slit á ráðningarsamningi og hvernig greiðslum vegna starfsloka hafi verið háttað.

Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir frekari upplýsingum frá vinnuveitanda og skattyfirvöldum til að staðreyna þær upplýsingar er fram koma í vottorði skv. 1. mgr.

Þegar launamaður á þess ekki kost að leggja fram vottorð vinnuveitanda skal líta til annarra gagna sem færa sönnur á störf launamanns hjá vinnuveitanda.

17. gr.

Atvinnuleysistryggingar samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., sem missir starf sitt að hluta telst hlutfallslega tryggður samkvæmt lögum þessum og nemur tryggingarhlutfallið mismun réttar hans hefði hann misst starf sitt að öllu leyti, sbr. 15. gr., og þess starfshlutfalls sem hann gegnir áfram, frá þeim tíma er hann missti starf sitt að hluta nema annað leiði af lögum þessum. Hið sama gildir þegar launamaður missir starf sitt en ræður sig til starfa í minna starfshlutfall hjá öðrum vinnuveitanda.

Ákvæði þetta á ekki við þegar launamaður ákveður sjálfur að draga úr starfshlutfalli sínu. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um atvinnuleysistryggingu launamannsins, þar á meðal skilyrðið um að vera í virkri atvinnuleit skv. 14. gr.

IV. KAFLI

Skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum sjálfstætt starfandi einstaklinga.

18. gr.

Almenn skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., sem uppfyllir eftirtalin skilyrði telst tryggður samkvæmt lögum þessum nema annað leiði af einstökum ákvæðum þeirra:

- a. er í virkri atvinnuleit, sbr. 14. gr.,
- b. er orðinn 16 ára að aldri en yngri en 70 ára,
- c. er búsettur hér á landi, sbr. þó VIII. kafla,
- d. hefur heimild til að ráða sig til vinnu hér á landi án takmarkana,
- e. hefur verið sjálfstætt starfandi einstaklingur á ávinnslutímabili skv. 19. gr. og starfsemi hans telst ekki vera hluti af sérstökum vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. þó V. kafla,
- f. hefur stöðvað rekstur, sbr. 20. gr.,
- g. leggur fram staðfestingu um stöðvun rekstrar, sbr. 21. gr., og vottorð frá skóla þegar það á við, sbr. 3. mgr. 19. gr.,

- h. hefur staðið skil á greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda við stöðvun rekstrar,
- i. hefur verið í atvinnuleit samfellt í þrjá virka daga frá því að umsókn um atvinnuleysisbætur barst Vinnumálastofnun.

Vinnumálastofnun er heimilt að veita undanþágu frá h-lið 1. mgr. þegar sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur ekki staðið skil á greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda við stöðvun rekstrar en greiðir síðan þessi gjöld aftur í tímann. Við ákvörðun á tryggingarhlutfalli sjálfstætt starfandi einstaklings er þó einungis heimilt að miða að hámarki við þrjá mánuði af þeim tíma er vanskilin áttu við um.

19. gr.

Ávinnslutímabil.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., telst að fullu tryggður samkvæmt lögum þessum eftir að hafa starfað samfellt á síðustu tólf mánuðum á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum, sbr. þó 4. mgr.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem starfað hefur skemur en tólf mánuði en lengur en þrjá mánuði á síðustu tólf mánuðum á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar, telst tryggður hlutfallslega í samræmi við lengd starfstíma að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum, sbr. einnig 4. mgr.

Nám, sbr. c-lið 3. gr., sem sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur stundað í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar svarar til þrettán vikna vinnuframlags í fullu starfi enda hafi hann sannanlega lokið náminu og starfað í a.m.k. þrjá mánuði á innlendum vinnumarkaði á ávinnslutímabilinu. Vottorð frá hlutaðeigandi skóla skal fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur þar sem fram kemur að sjálfstætt starfandi einstaklingur hafi stundað námið og lokið því. Heimild þessi getur einungis komið til hækkunar á tryggingarhlutfalli sjálfstætt starfandi einstaklings einu sinni á hverju tímabili skv. 29. gr. Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst ávallt vera í fullu starfi. Tryggingarhlutfall hans getur þó aldrei orðið herra en sem nemur því starfshlutfalli sem hann er reiðubúinn að ráða sig til, sbr. 4. mgr. 14. gr.

Til að finna vinnuframlag sjálfstætt starfandi einstaklinga á ávinnslutímabili skv. 1. og 2. mgr. skal taka mið af skráð skattyfirvalda, sbr. einnig h-lið 1. mgr. 18. gr.

Fæðingarorlof samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof telst til starfstíma á ávinnslutímabili.

Heimilt er að taka tillit til starfs sem unnið er með námi við útreikning á atvinnuleysis-tryggingu sjálfstætt starfandi einstaklings en þá telst námið ekki til vinnuframlags hans skv. 3. mgr.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur skal vera fullra 16 ára þegar ávinnslutímabil samkvæmt ákvæði þessu hefst.

Hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur einnig verið launamaður, sbr. a-lið 3. gr., á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar skal taka mið af öllum störfum hans við ákvörðun á atvinnuleysisstryggingu hans.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs, nánar á um ávinnslutímabil.

20. gr.

Stöðvun rekstrar.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., telst hafa stöðvað rekstur hafi hann tilkynnt til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra að hann hafi stöðvað rekstur og að öll starfsemi hafi verið stöðvuð. Þegar metið er hvort starfsemi hafi verið stöðvuð skal líta til hreyfinga í virðisaukaskattsskrá ríkisskattstjóra. Heimilt er að taka tillit til hreyfinga í virðisaukaskattsskrá vegna eignasölu enda hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur lagt fram yfirlýsingu þess efnis að hann hyggist hætta rekstri.

Enn fremur telst sjálfstætt starfandi einstaklingur hafa stöðvað rekstur hafi hann tilkynnt skráningarnúmer sitt af skrá, sýnt fram á að atvinnutæki hafi verið seld eða afskráð, reksturinn framseldur öðrum eða hann hafi verið tekinn til gjaldþrotaskipta.

21. gr.

Staðfesting um stöðvun rekstrar.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., skal leggja fram staðfestingu á því að hann hafi stöðvað rekstur skv. 20. gr. Staðfestingin skal fela í sér:

- a. yfirlýsingu um að öll starfsemi hafi verið stöðvuð og ástæður þess, og
- b. afrit af tilkynningu til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra um að rekstur hafi verið stöðvaður, vottorð frá skattyfirvöldum um að skráningarnúmer hans hafi verið tekið af skrá eða önnur viðeigandi gögn frá opinberum aðilum er staðfesta kunna stöðvun rekstrar.

22. gr.

Atvinnuleysistryggingar samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., sem missir starf sitt en ræður sig sem launamaður, sbr. a-lið 3. gr., til starfa í minna starfshlutfall telst hlutfallslega tryggður samkvæmt lögum þessum. Tryggingarhlutfall hans nemur mismun réttar hans hefði hann misst starf sitt að öllu leyti, sbr. 19. gr., og þess starfshlutfalls sem hann gegnir sem launamaður, frá þeim tíma er hann hóf störf í hinu nýja starfi. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um atvinnuleysistryggingu sjálfstætt starfandi einstaklings, þar á meðal skilyrðið um að vera í virkri atvinnuleit skv. 14. gr.

V. KAFLI

Tilvik er leiða til þess að atvinnuleysistryggingar geymast.

23. gr.

Þátttöku á vinnumarkaði hætt tímabundið.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hverfur af vinnumarkaði getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 24 mánuði frá þeim degi er hann sannanlega hætti störfum.

Sá tími sem hinn tryggði starfar á innlendum vinnumarkaði á tímabilinu skv. 1. mgr. telst til ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. eftir því sem við á.

Við útreikninga á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til síðustu tólf mánaða sem hinn tryggði hefur starfað á innlendum vinnumarkaði á síðustu 36 mánuðum frá móttöku umsóknar enda leiði ekki annað af lögum þessum.

Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan 24 mánaða frá þeim degi er hann sannanlega hvarf af vinnumarkaði fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

24. gr.

Minnkað starfshlutfall.

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., sem minnkar starfshlutfall sitt getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 24 mánuði frá þeim degi er hann sannanlega minnkaði starfshlutfall sitt. Sama á við um sjálfstætt starfandi einstakling, sbr. b-lið 3. gr., sem ræður sig til starfa sem launamaður í hlutastarf, sbr. 22. gr.

Sá tími sem launamaður starfar á innlendum vinnumarkaði á tímabilinu skv. 1. mgr. í sama eða hærra starfshlutfalli en hann var í áður telst til ávinnslutímabils skv. 15. gr.

Við útreikninga á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til þeirra tólf mánaða sem hinn tryggði starfaði á innlendum vinnumarkaði í hæsta starfshlutfalli á síðustu 36 mánuðum frá móttöku umsóknar enda leiði ekki annað af lögum þessum.

Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan 24 mánaða frá þeim degi er hann sannanlega minnkaði starfshlutfall sitt fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

25. gr.

Nám.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hverfur af vinnumarkaði til að stunda nám, sbr. c-lið 3. gr., getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 36 mánuði frá þeim degi er hann sannanlega hætti störfum enda hafi hann sannanlega lokið náminu.

Sá tími sem hinn tryggði starfar á innlendum vinnumarkaði á tímabilinu skv. 1. mgr. telst til ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. eftir því sem við á.

Við útreikninga á ávinnslutímabili þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til síðustu tólf mánaða sem hinn tryggði hefur starfað á innlendum vinnumarkaði á síðustu 48 mánuðum frá móttöku umsóknar enda leiði ekki annað af lögum þessum.

Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan 36 mánaða frá þeim degi er hann sannanlega hætti störfum eða hefur ekki lokið námi innan þess tíma fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

26. gr.

Óvinnufærni vegna sjúkdóms eða slyss.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hverfur af vinnumarkaði verði hann óvinnufær vegna sjúkdóms eða slyss getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu þann tíma sem hann er óvinnufær.

Við útreikninga á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til síðustu tólf mánaða frá þeim tíma er hinn tryggði sannanlega hætti störfum og tímabil skv. 1. mgr. hófst.

Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan sex mánaða frá þeim degi er hann varð vinnufær á ný fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður enda eigi ákvæði 23. gr. ekki við.

Vottorð sérfræðilæknis er annaðist hinn tryggða skal fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur þar sem meðal annars skal koma fram hvenær hann varð óvinnufær og hvenær hann varð vinnufær á ný.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

27. gr.

Afplánun refsingar.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hverfur af vinnumarkaði þar sem hann tekur út refsingu sína samkvæmt dómi getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu þangað til hann hefur lokið afplánun refsingar.

Við útreikninga á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til síðustu tólf mánaða frá þeim tíma er hinn tryggði sannanlega hætti störfum og tímabil skv. 1. mgr. hófst.

Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan sex mánaða frá þeim degi er afplánun refsingar hans lauk fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður enda eigi ákvæði 23. gr. ekki við.

Vottorð frá fangelsismálayfirvöldum skal fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur þar sem meðal annars skal koma fram það tímabil sem afplánun refsingar stóð yfir.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

28. gr.

Virkri atvinnuleit hætt tímabundið.

Sá sem hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur í skemmri tíma en 24 mánuði en hættir tímabundið virkri atvinnuleit getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 24 mánuði frá þeim degi er hann sótti um atvinnuleysisbætur enda hafi hann ekki áður nýtt sér heimild skv. 23.–27. gr. Að öðru leyti gildir 23. gr. um geymdar atvinnuleysistryggingar.

Sá sem hættir virkri atvinnuleit skv. 1. mgr. til að stunda nám, sbr. c-lið 3. gr., getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 36 mánuði frá þeim degi er hann sannanlega hætti virkri atvinnuleit enda hafi hann sannanlega lokið náminu. Þegar sótt er aftur um atvinnuleysisbætur skal miða við atvinnuleysistryggingar hins tryggða eins og þær voru áður en hann hóf námið nema annað leiði af lögum þessum.

Sá sem hættir virkri atvinnuleit skv. 1. mgr. vegna tilvika er ákvæði 25. og 26. gr. fjalla um getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu samkvæmt þeim ákvæðum eftir því sem við getur átt.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

VI. KAFLI

Tímabil sem atvinnuleysisbætur eru greiddar.

29. gr.

Lengd tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum getur átt rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta samfelld í þrjú ár frá þeim degi er Vinnumálastofnun tók við umsókn hans um atvinnuleysisbætur nema annað leiði af lögum þessum. Biðtími eftir greiðslu atvinnuleysisbóta skv. X. kafla telst hluti tímabilsins. Hið sama á við um þann tíma þegar greiddar eru hlutfallslegar atvinnuleysisbætur, sbr. 17. eða 22. gr.

Sá tími sem hinn tryggði starfar á vinnumarkaði eftir að tímabil skv. 1. mgr. hefst telst ekki hluti tímabilsins. Enn fremur telst sá tími sem atvinnuleysisstryggingar geymast skv. V. kafla ekki hluti tímabilsins skv. 1. mgr.

Tímabilið skv. 1. mgr. heldur áfram að líða þegar hinn tryggði sækir að nýju um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar eftir að hafa starfað í skemmri tíma en 24 mánuði á innlendum vinnumarkaði frá því að hann fékk síðast greiddar atvinnuleysisbætur.

30. gr.

Endurnýjun tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur samtals í þrjú ár skv. 29. gr. getur áunnið sér rétt innan atvinnuleysisstryggingakerfisins að nýju að liðnum 24 mánuðum enda hafi hann starfað á vinnumarkaði í a.m.k. sex mánuði eftir að fyrra tímabili lauk og misst starf sitt af gildum ástæðum. Hefst þá nýtt tímabil skv. 29. gr. en að öðru leyti gilda ákvæði III. og IV. kafla um skilyrði atvinnuleysisstryggingar hins tryggða eftir því sem við getur átt.

31. gr.

Nýtt tímabil skv. 29. gr. hefst áður en fyrra tímabili lýkur að fullu.

Nýtt tímabil skv. 29. gr. hefst þegar hinn tryggði sækir að nýju um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar eftir að hafa starfað samfelld á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. 24 mánuði frá því að hann fékk síðast greiddar atvinnuleysisbætur. Að öðru leyti gilda ákvæði III. og IV. kafla um skilyrði atvinnuleysisstryggingar hins tryggða eftir því sem við getur átt.

VII. KAFLI

Fjárhæð atvinnuleysisbóta.

32. gr.

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur.

Sá sem telst tryggður skv. III. eða IV. kafla öðlast rétt til tekjutengdra atvinnuleysisbóta í allt að þrjú mánuði frá þeim tíma er grunnatvinnuleysisbætur skv. 33. gr. hafa verið greiddar í samtals tíu virka daga nema annað leiði af lögum þessum.

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur launamanna skv. 1. mgr. skulu nema 70% af meðaltali heildarlauna og skal miða við sex mánaða tímabil sem hefst tveimur mánuðum áður en umsækjandi varð atvinnulaus. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald en ekki skal miða við tekjur af störfum er umsækjandi gegnir áfram, sbr. 17. og 22. gr. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá mánuði á viðmiðunartímabilinu sem umsækjandi hefur starfað á innlendum vinnumarkaði. Aldrei skal þó miða við færri mánuði en fjóra við útreikning á meðaltali heildarlauna.

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur sjálfstætt starfandi einstaklinga skv. 1. mgr. skulu nema 70% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tekjuárið á undan því ári sem umsækjandi varð atvinnulaus. Að öðru leyti gildir ákvæði 2. mgr.

Útreikningar á tekjutengdum atvinnuleysisbótum skulu byggjast á upplýsingum sem Vinnumálastofnun aflar um tekjur umsækjanda úr skattframtölum, staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá skattýfirvalda. Vinnumálastofnun skal leita staðfestingar hjá skattýfirvöldum á því að upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá hafi verið í samræmi við álagningu skattýfirvalda. Þegar ekki hafa verið staðin skil á greiðslum til skattýfirvalda vegna launamanna skal líta til annarra gagna sem færa sönnur á tekjur launamanns á viðmiðunar-tímabili skv. 2. mgr.

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur skulu greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju tímabili skv. 29. gr.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. skal hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta í hverjum mánuði miðast við tryggingarhlutfall hins tryggða þannig að þær nemi aldrei hærrí fjárhæð en 180.000 kr. á mánuði miðað við óskerta atvinnuleysistryggingu, sbr. 15. eða 19. gr. Til að finna út atvinnuleysisbætur fyrir hvern dag skal miða við 21,67 daga.

Sá sem uppfyllir skilyrði III. eða IV. kafla en hefur ekki starfað á innlendum vinnumarkaði á viðmiðunartímabili skv. 2. eða 3. mgr. öðlast rétt til grunnatvinnuleysisbóta skv. 33. gr. í samræmi við tryggingarhlutfall hans skv. 15. eða 19. gr. Hið sama á við þegar tekjutengdar atvinnuleysisbætur skv. 1. mgr. reynast lægri en grunnatvinnuleysisbætur sem hinn tryggði á rétt á skv. 33. gr.

Þegar tímabil skv. 29. gr. heldur áfram að líða er hinn tryggði sækir að nýju um atvinnuleysisbætur á hann ekki rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt ákvæði þessu enda hafi hann áður fullnýtt rétt sinn skv. 1. mgr.

Hinn tryggði sem sætir biðtíma eftir atvinnuleysisbótum samkvæmt ákvæðum X. kafla skal ekki eiga rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum samkvæmt ákvæði þessu.

33. gr.

Grunnatvinnuleysisbætur.

Sá sem telst tryggður skv. III. eða IV. kafla öðlast rétt til grunnatvinnuleysisbóta við upphaf tímabils skv. 29. gr. í samræmi við tryggingarhlutfall hans skv. 15. eða 19. gr. nema annað leiði af lögum þessum.

Sá sem telst að fullu tryggður á rétt til óskertra grunnatvinnuleysisbóta sem skulu nema 4.431 kr. á dag. Lágmarksréttur til atvinnuleysistrygginga veitir rétt til ¼ hluta grunnatvinnuleysisbóta.

Grunnatvinnuleysisbætur skulu greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju tímabili skv. 29. gr. Fjárhæð grunnatvinnuleysisbóta skv. 2. mgr. og hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta skv. 6. mgr. 32. gr. koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæð grunnatvinnuleysisbóta og hámarki tekjutengdra atvinnuleysisbóta til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæðum skal félagsmálaráðherra breyta þeim með reglugerð.

34. gr.

Atvinnuleysisbætur vegna framfærsluskyldu gagnvart börnum.

Sá sem telst tryggður skv. III. eða IV. kafla og hefur framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en 18 ára skal eiga rétt á 4% af óskertum grunnatvinnuleysisbótum með hverju barni frá upphafi tímabils skv. 29. gr. nema annað leiði af lögum þessum.

Heimilt er að skuldajafna kröfum Innheimtustofnunar sveitarfélaga um meðlög hins tryggða sem stofnuninni hefur verið falið að innheimta á móti atvinnuleysisbótum skv. 1. mgr.

35. gr.

Tilhögun greiðslna atvinnuleysisbóta.

Atvinnuleysisbætur skulu greiddar eftir á, fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði þannig að miðist við 20. dag mánaðar til 19. dags næsta mánaðar, fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

36. gr.

Frádráttur vegna tekna.

Þegar samanlagðar tekjur af hlutastarfi hins tryggða, sbr. 17. eða 22. gr., og atvinnuleysisbætur hans skv. 32.–34. gr. eru hærrí en sem nemur óskertum rétti hans til atvinnuleysisbóta að viðbættu frítekjumarki skv. 2. mgr. skal skerða atvinnuleysisbætur hans um helming þeirra tekna sem umfram eru. Hið sama gildir um tekjur hins tryggða fyrir tilfallandi vinnu, elli- eða örorkulífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar, um elli- og örorkulífeyrisgreiðslur úr almennum lífeyrissjóðum og séreignarsjóðum og fjármagnstekjur hins tryggða. Eingöngu skal taka tillit til þeirra tekna sem hinn tryggði hefur haft á þeim tíma er hann fær greiddar atvinnuleysisbætur, sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum.

Frítekjumarkið skal vera 52.000 kr. á mánuði. Fjárhæð frítekjumarksins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæð frítekjumarksins til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð frítekjumarksins skal félagsmálaráðherra breyta henni með reglugerð.

37. gr.

Uppsöfnun og vernd réttinda.

Sá sem fær greiddar atvinnuleysisbætur greiðir að lágmarki 4% af atvinnuleysisbótum skv. 32. og 33. gr. í lífeyrissjóð og Atvinnuleysisstryggingasjóður greiðir 8% mótframlag. Hinum tryggða er að auki heimilt að greiða í séreignarsjóð.

Sá sem fær greiddar atvinnuleysisbætur getur óskað eftir því að halda áfram að greiða til stéttarfélags síns og sér þá Vinnumálastofnun um að koma greiðslunni til hlutaðeigandi stéttarfélags.

38. gr.

Endurmat á rétti til atvinnuleysisstrygginga.

Sá sem hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur skv. 32. og 33. gr. getur óskað eftir endurmati á atvinnuleysisstryggingu sinni skv. III. eða IV. kafla., og þar með endurútreikningi á fjárhæð atvinnuleysisbóta, þegar starfstímabil hans hefur varað samfellt lengur en þrjú mán-

uði áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur og tímabil skv. 29. gr. heldur áfram að líða. Skal þá taka mið af nýja starfstímabilinu og þess hluta eldra ávinnslutímabils sem nægir til að samtals verði miðað við tólf mánaða tímabil. Óski hinn tryggði ekki eftir endurútreikningi miðast atvinnuleysisbætur við fyrri útreikninga.

39. gr.

Leiðrétting á atvinnuleysisbótum.

Hafi breytingar orðið á tekjuskattsálagningu hins tryggða vegna tekna sem tekjutengdar atvinnuleysisbætur eru byggðar á, sbr. 32. gr., skal Vinnumálastofnun leiðrétta fjárhæð bótanna til samræmis við álagningu skattfyrvalda.

Hafi hinn tryggði fengið hærri atvinnuleysisbætur skv. 32. eða 33. gr. en hann átti rétt á samkvæmt álagningu skattfyrvalda eða öðrum ástæðum ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var að viðbættu 15% álagi. Hið sama gildir um atvinnuleysisbætur sem hinn tryggði hefur fengið greiddar fyrir tímabil er hann uppfyllti ekki skilyrði laganna. Fella skal niður álagið samkvæmt þessari málsgrein færi hinn tryggði rök fyrir því að honum verði ekki kennt um þá annmarka er leiddu til ákvörðunar Vinnumálastofnunar.

Heimilt er að skuldajafna ofgreiddum atvinnuleysisbótum á móti síðar tilkomnum atvinnuleysisbótum sama einstaklings en þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur 25% af síðarnefndu atvinnuleysisbótunum í hverjum mánuði. Enn fremur er heimilt að skuldajafna ofgreiddum atvinnuleysisbótum á móti inneign hins tryggða vegna ofgreiddra skatta, barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari reglur um skuldajöfnun og forgangsröð.

Um innheimtu ofgreidds fjár úr Atvinnuleysisstryggingasjóði fer skv. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Félagsmálaráðherra getur þó falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu.

Hafi hinn tryggði fengið lægri atvinnuleysisbætur en honum bar samkvæmt álagningu skattfyrvalda eða öðrum ástæðum ber Vinnumálastofnun að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var til hins tryggða ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu Atvinnuleysisstryggingasjóðs. Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Sama á við þegar niðurstaða úrskurðarnefndar atvinnuleysisstrygginga og vinnumarkaðsaðgerða leiðir til þess að hinn tryggði hafi átt rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt lögum þessum en hafði áður verið synjað um þær eða reiknaðar lægri atvinnuleysisbætur. Þegar greiðslur úr Atvinnuleysisstryggingasjóði eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum frá hinum tryggða falla vextir niður.

40. gr.

Gjaldþrot félaga.

Vinnumálastofnun er heimilt að greiða launamanni gjaldþrota félags atvinnuleysisbætur skv. 32. og 33. gr. þann tíma sem hann er án atvinnu á uppsagnarfresti meðan hann bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, enda uppfylli hann skilyrði laga þessara. Skilyrði er jafnframt að launamaður framselji Atvinnuleysisstryggingasjóði þann hluta launakröfu sinnar á hendur Ábyrgðasjóði launa er nemur fjárhæð þeirra atvinnuleysisbóta sem hann fær greiddar á þessum tíma.

41. gr.

Fjárnám óheimilt.

Óheimilt er að gera fjárnám í atvinnuleysisbótum samkvæmt lögum þessum sem ekki hafa verið greiddar til hins tryggða. Þá er jafnframt óheimilt að taka atvinnuleysisbætur til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda.

VIII. KAFLI

Atvinnuleit eða atvinna í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

42. gr.

Atvinnuleit í öðru aðildarríki.

Vinnumálastofnun er heimilt að greiða atvinnuleysisbætur skv. VII. kafla til þess sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og er í atvinnuleit í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum enda uppfylli hann eftirtalin skilyrði:

- a. hefur sótt um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar,
- b. hefur uppfyllt skilyrði laga þessara á a.m.k. fjórum næstliðnum vikum fyrir brottfarardag,
- c. er heimilt að vera í frjálstri atvinnuleit í öðru aðildarríki samkvæmt lögum þess ríkis, og
- d. skráir sig í atvinnuleit hjá vinnumiðlun í því ríki þar sem atvinnuleitin fer fram samkvæmt lögum þess ríkis innan sjö virkra daga frá brottfarardegi.

Vinnumálastofnun er heimilt að veita undanþágu frá skilyrði b-liðar 1. mgr. þegar foreldri, maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki hins tryggða dvelst við nám eða störf í því landi þar sem atvinnuleitin fer fram. Hið sama getur átt við er börn hins tryggða undir 18 ára aldri eru búsett í landinu með hinu foreldri sínu eða hann hefur þegar fengið tilboð um starf þar í landi.

Vinnumálastofnun er jafnframt heimilt að veita hinum tryggða lengri tíma til að skrá sig hjá hinni erlendu vinnumiðlun en kveðið er á um í d-lið 1. mgr. Greiðslur atvinnuleysisbóta falla þá niður frá og með brottfarardegi og hefjast að nýju við skráningu erlendis.

Vinnumálastofnun gefur út viðeigandi vottorð til staðfestingar á rétti hins tryggða samkvæmt ákvæði þessu.

Lög þess ríkis þar sem atvinnuleitin fer fram skulu gilda að öðru leyti um eftirfylgni með atvinnuleitinni og þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, nánar á um atvinnuleysistryggingar launamanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga, sbr. a- og b-lið 3. gr., á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, Norðurlandasamnings um almannatryggingar og samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

43. gr.

Lengd þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar vegna atvinnuleitar í öðru aðildarríki.

Vinnumálastofnun er heimilt að greiða atvinnuleysisbætur skv. 42. gr. samfelld í allt að þrjú mánuði frá brottfarardegi hins tryggða en þó aldrei í lengri tíma en sem eftir er af tímabili skv. 29. gr.

Þegar hinn tryggði fær tímabundið starf í öðru aðildarríki í skemmri tíma en sem eftir er af tímabili 1. mgr. eða segir upp starfi eða missir það af gildum ástæðum innan þess tíma er

heimilt að greiða honum atvinnuleysisbætur skv. 42. gr. þann tíma sem eftir er af tímabili skv. 1. mgr.

Ákvæði 2. mgr. á ekki við hafi starf í öðru aðildarríki veitt hlutaðeigandi rétt samkvæmt lögum þess ríkis um atvinnuleysistryggingar.

44. gr.

Endurnýjun á tímabili skv. 43. gr.

Sá sem hefur áður fengið greiddar atvinnuleysisbætur skv. 42. gr. getur áunnið sér að nýju rétt til að fá greiddar atvinnuleysisbætur meðan hann er í atvinnuleit í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum að liðnum sex mánuðum frá lokum tímabilsins skv. 43. gr. enda hafi hann starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. þrjú mánuði og uppfylli að öðru leyti ákvæði laga þessara.

45. gr.

Umsókn um greiðslur atvinnuleysisbóta vegna atvinnuleitar í öðru aðildarríki.

Sá sem vill nýta sér rétt sinn skv. 42. gr. skal sækja um að atvinnuleysisbætur verði greiddar meðan hann er í atvinnuleit í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum til Vinnumálastofnunar á þar til gerðum eyðublöðum fyrir brottfarardag. Ef umsækjandi er yngri en 18 ára skal foreldri eða forráðamaður hans samþykkja umsóknina með undirritun sinni.

46. gr.

Tilkynning um heimkomu.

Hinn tryggði sem hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur skv. 42. gr. og snýr aftur til landsins til að halda áfram atvinnuleit sinni á innlendum vinnumarkaði skal tilkynna um það skriflega til Vinnumálastofnunar innan sjö virkra daga frá því að tímabili skv. 43. gr. lauk eða komudegi hafi hinn tryggði komið til landsins áður en tímabilinu lauk. Atvinnuleysistrygging hans er þá sú sama og hún var áður en hann fór utan í atvinnuleit nema annað leiði af lögum þessum.

Láti hinn tryggði hjá líða að tilkynna um áframhaldandi atvinnuleit hér á landi innan tíma marka 1. mgr. falla greiðslur atvinnuleysisbóta niður frá og með þeim degi er tímabili skv. 43. gr. lauk eða hann hætti atvinnuleit í öðru aðildarríki hafi hann sannanlega hætt leitinni áður en tímabilinu lauk. Skal hinn tryggði þá sækja um atvinnuleysisbætur að nýju skv. 9. gr.

Vinnumálastofnun er heimilt að leita upplýsinga hjá þar til bærri stofnun í því aðildarríki þar sem atvinnuleitin fór fram um atriði er geta haft áhrif á atvinnuleysistryggingu hlutaðeigandi hér á landi eða þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum.

47. gr.

Ávinnslutímabil í öðru aðildarríki.

Þegar umsækjandi um atvinnuleysisbætur hefur starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. þrjú mánuði á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. er Vinnumálastofnun heimilt að taka tillit til starfstímabila hans sem launamanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings, sbr. a- og b-lið 3. gr., í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum á ávinnslutímabilinu við mat á atvinnuleysistrygg-

ingu hans enda hafi störf hans í því ríki veitt honum rétt samkvæmt lögum þess um atvinnuleysistryggingar.

Umsækjandi skal láta tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil í öðru aðildarríki fylgja með umsókn um atvinnuleysisbætur skv. 9. gr.

Þegar umsækjandi um atvinnuleysisbætur, sem flytur til Íslands frá Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Noregi eða Svíþjóð, hefur starfað hér á landi á síðastliðnum fimm árum frá móttökudegi umsóknar í þeim mæli að hann hefði talist tryggður samkvæmt lögum þessum þarf ekki að uppfylla það skilyrði 1. mgr. að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. þrjá mánuði á ávinnslutímabili svo að heimilt sé að taka tillit til starfstímabila hans í þessum ríkjum. Hið sama á við um þá sem flytja til Íslands frá framangreindum ríkjum og hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur hér á landi á næstliðnum fimm árum frá móttökudegi umsóknar hjá Vinnumálastofnun.

48. gr.

Útgáfa vottorða.

Vinnumálastofnun skal gefa út vottorð til staðfestingar á atvinnuleysistryggingu hins tryggða samkvæmt umsókn þar sem fram kemur starfstímabil hans hér á landi á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. og áunnin réttindi hans samkvæmt lögum þessum. Tilgreina skal hvort hinn tryggði hafi áunnið sér atvinnuleysistryggingarnar sem launamaður eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. a- og b-lið 3. gr.

49. gr.

Greiðsla atvinnuleysisbóta til rétthafa úr erlendum tryggingakerfum.

Vinnumálastofnun er heimilt að greiða ríkisborgara annars aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyngi, sem kemur hingað í atvinnuleit, atvinnuleysisbætur úr Atvinnuleysistryggingasjóði að beiðni og fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í hlutaðeigandi ríki enda endurgreiði sú stofnun sjóðnum þær fjárhæðir sem þannig eru inntar af hendi.

Vinnumálastofnun er þó heimilt að greiða út atvinnuleysisbætur skv. 1. mgr. þrátt fyrir að ekki komi til formlegrar endurgreiðslu enda leiði slíkt af samningum sem íslensk stjórnvöld eru aðilar að.

IX. KAFLI

Tilvik er leiða til takmörkunar á atvinnuleysistryggingum.

50. gr.

Verkfall eða verkþann.

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., sem leggur niður störf í verkfalli eða vegna verkþanns vinnuveitanda telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum þann tíma sem vinnustöðvunin stendur yfir.

Launamaður sem hefur misst starf sitt áður en til verkfalls eða verkþanns kom en tekur það fram í umsókn að hann sé að leita að starfi í þeirri starfsgrein sem verkfallið eða verkþannið tekur til telst ekki tryggður þann tíma sem vinnustöðvunin stendur yfir á fyrstu fjórum vikunum frá því að Vinnumálastofnun tók við umsókn hans.

Ákvæði 2. mgr. á þó ekki við þegar verkfall eða verkþann tekur einungis til starfa í viðkomandi starfsgrein á afmörkuðu svæði.

51. gr.

Ósamrýmanlegar greiðslur.

Hver sá sem nýtur slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á sama tímabili.

Hver sá sem nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á sama tímabili.

Hver sá sem nýtur greiðslna samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á sama tímabili.

Hver sá sem hefur fengið greitt út ótekið orlof við starfslok eða fær greiðslur vegna starfsloka telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á því tímabili sem þær greiðslur eiga við um. Við umsókn um atvinnuleysisbætur skal hinn tryggði taka fram hvenær hann ætlar að taka út orlof sitt fyrir lok næsta orlofstímabils.

52. gr.

Nám.

Hver sá sem stundar nám, sbr. c-lið 3. gr., telst ekki tryggður á sama tímabili enda er námið ekki hluti vinnumarkaðsaðgerða samkvæmt ákvörðun Vinnumálastofnunar.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal Vinnumálastofnun meta sérstaklega hvort umsækjandi um atvinnuleysisbætur geti talist tryggður samkvæmt lögum þessum þegar hann hefur stundað nám með starfi sínu sem hann missti og námið er ekki lánshæft samkvæmt reglum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Vinnumálastofnun skal jafnframt meta sérstaklega hvort sá er stundar nám en er í lægra námshlutfalli en 75% uppfylli skilyrði laganna þrátt fyrir námið. Umsækjandi um atvinnuleysisbætur skal leggja fram staðfestingu frá viðkomandi menntastofnun um námshlutfallið.

53. gr.

Frelsissvipting.

Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi sínu með dómi telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á þeim tíma er hann tekur út refsingu sína í fangelsi. Hið sama á við um þann sem hefur verið sviptur frelsi sínu með úrskurði dómara eða tekur út refsingu sína í samfélagsþjónustu.

X. KAFLI

Biðtími eftir atvinnuleysisbótum.

54. gr.

Starfi sagt upp án gildra ástæðna.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum en hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrir en að 40 dögum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar bætur fyrir, frá móttöku umsóknar um atvinnuleysisbætur. Hið sama gildir um þann sem missir starf af ástæðum sem hann á sjálfur sök á.

Hinn tryggði skal uppfylla skilyrði laga þessara á biðtímanum skv. 1. mgr.

Taki hinn tryggði starfi sem ekki er hluti af vinnumarkaðsaðgerðum meðan á biðtíma skv. 1. mgr. stendur fellur biðtíminn niður eftir að hinn tryggði hefur starfað í a.m.k. tíu virka daga áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur enda hafi hann sagt starfinu lausu eða misst það af gildum ástæðum. Vari starfið í skemmri tíma, hann hefur sagt starfi sínu lausu án

gildra ástæðna eða misst það af ástæðum sem hann á sjálfur sök á heldur biðtíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur, sbr. einnig 56. gr.

55. gr.

Námi hætt án gildra ástæðna.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum en hefur hætt námi, sbr. c-lið 3. gr., án gildra ástæðna skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrir en að 40 dögum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar bætur fyrir, frá móttöku umsóknar um atvinnuleysisbætur. Staðfesting frá viðkomandi skóla um að námi hafi verið hætt skal fylgja umsókninni.

Hinn tryggði skal uppfylla skilyrði laga þessara á biðtímanum skv. 1. mgr.

Taki hinn tryggði starfi sem ekki er hluti af vinnumarkaðsaðgerðum meðan á biðtíma skv. 1. mgr. stendur fellur biðtíminn niður eftir að hinn tryggði hefur starfað í a.m.k. tíu virka daga áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur enda hafi hann sagt starfinu lausu eða misst það af gildum ástæðum. Vari starfið í skemmri tíma, hann hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst það af ástæðum sem hann á sjálfur sök á heldur biðtíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur, sbr. einnig 56. gr.

56. gr.

Ítrekunaráhrif fyrri ákvarðana um biðtíma.

Sá sem áður hefur sætt biðtíma skv. 54. eða 55. gr. eða viðurlögum skv. 57.–59. gr. og sækir að nýju um atvinnuleysisbætur eftir að hafa verið í starfi í skemmri tíma en 24 mánuði og sagt því starfi upp er hann gegndi síðast án gildra ástæðna skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrir en að 60 dögum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar bætur fyrir, frá móttöku seinni umsóknar um atvinnuleysisbætur. Hið sama á við um þann sem hefur misst starfið af ástæðum sem hann á sjálfur sök á eða hætt námi án gildra ástæðna.

Þegar biðtími skv. 54. og 55. gr. eða viðurlög skv. 57.–59. gr. hafa frestast skv. 3. mgr. 54. gr., 3. mgr. 55. gr., 3. mgr. 57. gr., 3. mgr. 58. gr. eða 3. mgr. 59. gr. leggst sá tími sem eftir var af fyrri biðtíma eða viðurlagaákvörðun saman við biðtíma skv. 1. mgr.

Þegar sá sem áður hefur sætt biðtíma skv. 1. mgr. sækir að nýju um atvinnuleysisbætur eftir að hafa verið í starfi í skemmri tíma en 24 mánuði og hefur sagt upp því starfi sem hann gegndi síðast án gildra ástæðna skal hann ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrir en hann hefur starfað í a.m.k. átta vikur á innlendum vinnumarkaði. Hið sama á við um þann sem hefur sætt biðtíma skv. 1. mgr. og sækir að nýju um atvinnuleysisbætur eftir að hafa misst starfið af ástæðum sem hann á sjálfur sök á eða hætt námi án gildra ástæðna.

Endurtaki atvik sig sem lýst er í 3. mgr. á sama tímabili skv. 29. gr. skal hinn tryggði ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrir en hann uppfyllir skilyrði 31. gr.

Ítrekunaráhrif samkvæmt ákvæði þessu falla niður þegar nýtt tímabil skv. 29. gr. hefst, sbr. 30. eða 31. gr. laganna.

XI. KAFLI

Viðurlög.

57. gr.

Starfi eða atvinnuviðtali hafnað.

Sá sem hafnar starfi sem honum býðst með sannanlegum hætti eftir að hafa verið í atvinnuleit í a.m.k. fjórar vikur frá móttöku Vinnumálastofnunar á umsókn um atvinnuleysis-

bætur skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að 40 dögum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar bætur fyrir, frá þeim degi er viðurlagaákvörðun Vinnu-málastofnunar er tilkynnt aðila. Hið sama á við um þann sem hafnar því að fara í atvinnuviðtal vegna starfs sem honum býðst með sannanlegum hætti eða sinnir ekki atvinnuviðtali án ástæðulausrar tafar.

Hinn tryggði skal uppfylla skilyrði laga þessara á viðurlagatímanum skv. 1. mgr. Hafni hann starfi eða hafni því að fara í atvinnuviðtal á þeim tíma getur komið til ítrekunaráhrifa skv. 61. gr.

Taki hinn tryggði starfi sem ekki er hluti af vinnumarkaðsaðgerðum meðan á viðurlagatíma skv. 1. mgr. stendur falla viðurlögin niður eftir að hinn tryggði hefur starfað í a.m.k. tíu virka daga áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur enda hafi hann sagt starfinu lausu eða misst það af gildum ástæðum. Vari starfið í skemmri tíma, hann hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst það af ástæðum sem hann á sjálfur sök á heldur viðurlagatíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur, sbr. einnig 61. gr.

Vinnu-málastofnun skal meta við ákvörðun um viðurlög skv. 1. mgr. hvort ákvörðun hins tryggða um að hafna starfi hafi verið réttlætanagerleg vegna aldurs hans, félagslegra aðstæðna sem tengjast skertri vinnufærni eða umönnunarskyldu vegna ungra barna eða annarra náinna fjölskyldumeðlima. Enn fremur er Vinnu-málastofnun heimilt að líta til heimilisaðstæðna hins tryggða þegar hann hafnar starfi fjarri heimili sínu sem og til ráðningar hans í ótímabundið starf innan tiltekins tíma. Þá er heimilt að taka tillit til aðstæðna þess sem getur ekki sinnt tilteknum störfum vegna skertrar vinnufærni samkvæmt vottorði sérfræðilæknis. Getur þá komið til viðurlaga skv. 59. gr. hafi hinn tryggði vísitandi leynt upplýsingum um skerta vinnufærni.

58. gr.

Þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum hafnað.

Sá sem hafnar þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. lög um vinnumarkaðsaðgerðir, samkvæmt ákvörðun Vinnu-málastofnunar eftir að hafa verið í atvinnuleit í a.m.k. fjórar vikur frá móttöku Vinnu-málastofnunar á umsókn um atvinnuleysisbætur skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að 40 dögum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar bætur fyrir, frá þeim degi er viðurlagaákvörðun Vinnu-málastofnunar er tilkynnt aðila.

Hinn tryggði skal uppfylla skilyrði laga þessara á viðurlagatímanum skv. 1. mgr. Hafni hann aftur að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum á þeim tíma getur komið til ítrekunaráhrifa skv. 61. gr.

Taki hinn tryggði starfi sem ekki er hluti af vinnumarkaðsaðgerðum meðan á viðurlagatíma skv. 1. mgr. stendur falla viðurlögin niður eftir að hinn tryggði hefur starfað í a.m.k. tíu virka daga áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur enda hafi hann sagt starfinu lausu eða misst það af gildum ástæðum. Vari starfið í skemmri tíma, hann hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst það af ástæðum sem hann á sjálfur sök á heldur viðurlagatíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur, sbr. einnig 61. gr.

59. gr.

Rangar upplýsingar gefnar eða látið hjá líða að veita upplýsingar.

Sá sem veitir Vinnu-málastofnun vísitandi rangar upplýsingar í umsókn eða lætur hjá líða að veita nauðsynlegar upplýsingar svo að unnt sé að aðstoða hann við að fá starf við hæfi og gefa honum kost á þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsaðgerðum skal ekki eiga rétt á greiðslu

atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrir en að 40 dögum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar bætur fyrir, frá þeim degi er viðurlagaákvörðun Vinnumálastofnunar er tilkynnt aðila. Hið sama á við þegar hinn tryggði hefur vísvitandi látið hjá líða að tilkynna Vinnumálastofnun um þær breytingar sem hafa orðið á vinnufærni hans eða aðstæðum að öðru leyti á tímabili skv. 29. gr.

Hinn tryggði skal uppfylla skilyrði laga þessara á viðurlagátímanum skv. 1. mgr. Veiti hann Vinnumálastofnun ekki nauðsynlegar upplýsingar á þeim tíma eða leiðrétti þær upplýsingar er reyndust rangar getur komið til ítrekunaráhrifa skv. 61. gr.

Taki hinn tryggði starfi sem ekki er hluti af vinnumarkaðsaðgerðum meðan á viðurlagátíma skv. 1. mgr. stendur falla viðurlögin niður eftir að hinn tryggði hefur starfað í a.m.k. tíu virka daga áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur enda hafi hann sagt starfinu lausu eða misst það af gildum ástæðum. Vari starfið í skemmri tíma, hann hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst það af ástæðum sem hann á sjálfur sök á heldur viðurlagátíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur, sbr. einnig 61. gr.

60. gr.

Atvinnuleysisbóta aflað með sviksamlegum hætti.

Sá sem aflar sér eða reynir að afla sér atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum þessum með svikum getur misst rétt sinn samkvæmt lögum þessum í allt að tvö ár og þurft að sæta sektum.

Um meðferð slíkra mála fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Sektir skulu renna í ríkissjóð.

61. gr.

Ítrekunaráhrif fyrri viðurlagaákvæðana.

Sá sem hefur sætt viðurlögum skv. 57.–59. gr. eða biðtíma skv. 54. og 55. gr. og eitthvert þeirra tilvika sem þar greinir á sér stað að nýju á sama tímabili skv. 29. gr. skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrir en að 60 virkum dögum liðnum frá þeim degi er ákvörðun Vinnumálastofnunar um ítrekunaráhrif liggur fyrir.

Þegar viðurlög skv. 57.–59. gr. eða biðtími skv. 54. og 55. gr. hefur frestast skv. 3. mgr. 54. gr., 3. mgr. 55. gr., 3. mgr. 57. gr., 3. mgr. 58. gr. eða 3. mgr. 59. gr. leggst sá tími sem eftir var af fyrri viðurlagaákvörðun eða biðtíma saman við viðurlög skv. 1. mgr.

Sá sem hefur sætt viðurlögum skv. 1. mgr. og eitthvert þeirra tilvika er greinir í 57.–59. gr. á við um skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrir en hann hefur starfað í a.m.k. átta vikur á innlendum vinnumarkaði.

Endurtaki atvik sig sem lýst er í 3. mgr. á sama tímabili skv. 29. gr. skal hinn tryggði ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrir en hann uppfyllir skilyrði 31. gr.

Ítrekunaráhrif samkvæmt ákvæði þessu falla niður þegar nýtt tímabil skv. 29. gr. hefst, sbr. 30. eða 31. gr. laganna.

XII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

62. gr.

Styrkir úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna einstaklinga.

Vinnumálastofnun er heimilt að veita styrki vegna þátttöku þeirra sem teljast tryggðir samkvæmt lögum þessum í vinnumarkaðsaðgerðum, þar á meðal starfsþjálfunarúrræðum. Enn

fremur er heimilt að veita sérstaka styrki vegna búferlaflutninga hins tryggða innan lands vegna starfstilboða.

Félagsmálaráðherra skal setja nánari reglur, að fenginni tillögu stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs, um styrki skv. 1. mgr.

63. gr.

Styrkir úr Atvinnuleysisstryggingasjóði til verkefna á vinnumarkaði.

Félagsmálaráðherra er heimilt, að fenginni tillögu stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs, að veita styrki úr Atvinnuleysisstryggingasjóði til einstakra verkefna sem ætlað er að efla atvinnulíf einstakra svæða, fjölga atvinnutækifærum einstakra hópa fólks sem og til starfsmenntunar. Fjárhæð þessara framlaga ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

64. gr.

Reglugerðarheimild.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs, um nánari framkvæmd laga þessara.

65. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 12/1997, um atvinnuleysisstryggingar, með síðari breytingum, og lög nr. 46/1997, um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þeim sem hefur í fyrsta skipti skráð sig atvinnulausan hjá svæðisvinnumiðlun 15. nóvember 2005 eða síðar og er skráður atvinnulaus 1. júlí 2006 er heimilt að sækja um atvinnuleysisbætur skv. 9. gr. laga þessara fyrir 1. september 2006 og fer þá um réttindi hans og skyldur innan atvinnuleysisstryggingakerfisins samkvæmt lögum þessum. Við útreikninga á tekjutengdum atvinnuleysisbótum skv. 32. gr. skal líta á það tímabil sem hann var skráður atvinnulaus sem tímabil skv. 23. gr.

II.

Sá sem var skráður atvinnulaus fyrir 15. nóvember 2005 og hefur verið án atvinnu samfelld síðan eða hefur starfað í skemmri tíma en sex mánuði á innlendum vinnumarkaði getur að hámarki átt rétt á grunntvinnuleysisbótum samkvæmt lögum þessum til 31. desember 2009 en þó ekki í lengri tíma en fimm ár frá skráningu hjá svæðisvinnumiðlun að teknu tilliti til starfstímabils hans. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um réttindi hans og skyldur innan atvinnuleysisstryggingakerfisins.

III.

Lög þessi skulu gilda að öllu leyti um þann sem hefur verið skráður atvinnulaus fyrir 1. júlí 2006 en hefur starfað samfelld í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur í fyrsta skiptið eftir þann tíma. Er þá ekki litið til fyrra bótatímabils hans skv. 9. gr. laga nr. 12/1997, um atvinnuleysisstryggingar.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 37. gr. um 8% mótframlag Atvinnuleysistryggingasjóðs í lífeyrissjóð verður mótframlag sjóðsins 7% til 31. desember 2006.